

# HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

Aðalstræti 21-23, 415 Bolungarvík, s. 456-7087, fax 456-7

Fundargerð 98. fundar í Heilbrigðisnefnd Vestfjarðasvæðis föstudaginn 29. ágúst kl. 12:00. Mættir voru: Anton Helgason, Hlynur Reynisson, Jón Reynir Sigurvinsson, Kristján Jóakimsson, Einar Valur Kristjánsson, Sólrún Geirsdóttir

Dagskrá:

1. Kostning Heilbrigðisnefndar 2014-2017
2. Gjaldskrá 2014
3. Samþykkt um þrífnað á starfssvæði heilbrigðiseftirlits Vestfjarða
4. Bílamál endurnýjun á Skóðabifreið eftirlits.
5. Samþykkt um þrífnað utanhúss
6. Umhverfisstofnun
7. Matvælastofnun
8. Skipulagsmál
9. Sveitarfélög
10. Úr eftirliti
11. Starfsleyfi fyrirtækja
12. Tækifærisleyfi
13. Önnur mál

Dagskrá

1. **Kosning í heilbrigðisnefnd** Eftir sveitarstjórnarkosningar skal kjósa nýja heilbrigðisnefnd en það verður gert á Fjórðungspingi. Núverandi nefnd mun því sitja fram að 59. fjórðungspingi sem haldið verður á Þingeyri dagana 3. og 4. október. Þar velja sveitarfélögin sína fulltrúa í heilbrigðisnefnd. Heilbrigðisnefnd er sex manna nefnd. Samtök atvinnulífsins hafa tilnefnt sína fulltrúa, Einar Val Kristjánsson sem aðalman og til vara Hólmfríði Völu Svavarsdóttur. Fulltrúar atvinnulífsins eru boðnir velkomnir til starfa. Fulltrúar sveitarfélaganna í heilbrigðisnefnd endurspegluðu hér áður fyrir landfræðilega legu svæðisins. Ísafjarðarsýslurnar voru tvær og höfðu því 2 nefndarmenn, Aðrir nefndarmenn komu frá Bolungarvík, Strandasýslu og Barðastrandasýslu (aðalmaður frá suðurfjórðunum en varamaður úr Reykhólahreppi). Formanni falið að vera til staðar á fjórðungspingi til að svara fyrirspurnum um heilbrigðisnefnd eða kynna starf og starfshætti ef óskað er eftir.
2. **Gjaldskrá 2014.** Breyting á gjaldskrá fyrir matvæla-, heilbrigðis- og mengunareftirlit á svæði heilbrigðisnefndar Vestfjarða var auglýst í stjórnartíðindum þann 18. júní sl. Auglýsingin er nr 569/2014. Tvær breytur eru í gjaldskránni, annarsvegar gjald fyrir rannsóknir á sýnum kr. 14.500 og hinsvegar tímagjald kr. 10.068.
3. **Eftirlitsbifreið.** Heilbrigðisfulltrúi gerði grein fyrir endurnýjun á eftirlitsbifreið. KP-531 Skoda Octavia árgerð 2007 ekin 205.000 km var seld þann 26. maí fyrir 1.000.000 kr. Ný Skoda Octavia bifreið HO-U41 var keypt af Heklu kr 4.597.683. Mismunur kaupverðs og söluverðs ásamt kostnaði var tekinn að láni hjá Sparisjóði Bolungarvíkur til sex ára. Samtals er skuldabréfið að upphæð 3.700.000 kr með veði í bílnum.
4. **Samþykkt um umgengni og þrífnað utanhúss á starfssvæði Heilbrigðisnefndar Vestfjarða.** Ráðuneytið hefur lokið fyrstu yfirferð á samþykktinni. Eftirfarandi er úr pósti ráðuneytis: "Sveitarstjórnir þeirra

sveitarfélaga sem munu standa að henni, þurfa að samþykkja samþykktina við 2. umræðu áður en ráðuneytið gengur frá henni til staðfestingar. Umhverfisnefnd er ekki lögformleg nefnd eins og heilbrigðisnefnd er heldur nefnd sem sveitarstjórn ákveður sjálf að starfi. Það er sveitarstjórnar að ákveða hvort það sé starfsett umhverfisnefnd og hvaða málefni fara þangað til umfjöllunar. Eftir sem áður þurfa samþykktir á grundvelli laga nr. 7/1998 að fara í gengum HES og sveitarstjórn." Heilbrigðisnefnd sendi sveitarfélögum á svæðinu samþykktina til afgreiðslu þann 30. apríl 2004, ítrekun 13. sept. 2004 og síðan aftur 14. febrúar 2014 og aftur 9. maí 2014. Ítrekað aftur með tölvupósti þann 6. ágúst 2014. Þannig að ferillinn er orðinn langur. Óskað er eftir að sveitarstjórnir kynni afgreiðslur sveitarfélaga og hvort síðari umræða hafi farið fram. Eftirfarandi eru þær afgreiðslur sem ég hef fengið:

- Bolungarvík - Lagt fram á fundi í umhverfisráði þann 20. maí og í bæjarstjórn 13. júní 2014, samþykkt.
- Ísafjarðarbær - Lagt fram á fundi umhverfisnefndar þann 12. mars, samþykkt í bæjarstjórn 20. mars 2014.
- Súðavíkurbætur
- Strandabyggð - Lagt fram og samþykkt á fundi sveitarstjórnar þann 11. mars 2014
- Kaldrananeshreppur - Samþykkt 2004 - Búið að leggja fram, seinni umræða á næsta fundi. Samþykkt 6. ágúst.
- Árneshreppur
- Reykhólahreppur - samþykkt á fundi hreppsnefndar 11. júní 2004. Samþykkt að vísa til síðari umræðu 12. ágúst 2004. Samþykkt 12. ágúst 2004.
- Vesturbyggð - Samþykkt, Tekið fyrir í bæjarstjórn 12. maí 2014
- Tálknafjarðarhreppur - Samþykkt. Tekin til síðari umræðu 2. júní 2014

## **5. Umhverfisstofnun bréf til kynningar**

- Skýrsla um reglubundið eftirlit hjá íslenska Kalkþörungafélaginu 20. júní 2014. Kvartanir hafa komið frá íbúum varðandi rykmengun og hávaða yfir mörkum. Mælingar á hávaða við lóðarmörk voru undir mörkum starfleyfis, en frávik staðfest varðandi of mikið ryk í útblæstri. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða mun fylgja eftir mælingum á hávaða í og við íbúðabyggð á Bíldudal. Allt önnur mörk gilda varðandi íbúðabyggð en inni á verksmiðjulóðum.
- Skýrsla um reglubundið eftirlit hjá Arnarlaxi 20. júní 2014. Athugasemd gerð við skil á grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi var ekki skilað.
- Skýrsla um reglubundið eftirlit hjá Fjarðarlaxi, Fossfirði 20. júní Athugasemd gerð við skil á grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi var ekki skilað á réttum tíma.
- Skýrsla um reglubundið eftirlit hjá Fjarðarlaxi á Patreksfirði og Tálknafirði 20. júní Athugasemd gerð við skil á grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi var ekki skilað á réttum tíma.
- Skýrsla um reglubundið eftirlit, 20.05.2014 í olúbirgðastöð Olíudreifingar ehf á Ísafirði. Ekkert frávik frá starfsleyfi en fjórar athugasemdir við stöðina.
- Skýrsla um reglubundið eftirlit, 20.05.2014 í Olúbirgðastöð Olíudreifingar ehf í Bolungarvík. Engar athugasemdir gerðar.
- Varðar botnþykktarmælingar á geymi T1016, T1017, T2020, T2021, T2022, í nýrri olúbirgðastöð Olíudreifingar ehf. á Ísafirði Umhverfisstofnun samþykkir áframhaldandi notkun geymisins.

- Varðar botnþykktarmælingar á geymi í nýrri olíubirgðastöð Olúdreifingar ehf. Umhverfisstofnun samþykkir áframhaldandi notkun geymisins.
- Áform um áminningu Bolungarvíkurkaupstaðar vegna vanskila á magntölum úrgangs.
- Áminning Vesturbyggðar og krafa um úrbætur vegna vanskila á magntölum úrgangs.
- Ósk um umsögn um drög að starfsleyfistillögu fyrir Dýrfisk ehf. Ósk um upplýsingar um nýtingu svæða.
- Ósk um umsögn um drög að starfsleyfistillögu fyrir Ís 47 ehf. Ósk um upplýsingar um nýtingu svæða.
- Fyrirvarvaralaust eftirlit 4.4 2014 hjá Íslenska kalkþörungafélaginu ehf . Eitt frávik kom fram hvað varðar rykmælingar í reykháfi en engar athugasemdir gerðar.
- Áform um áminningu vegna vanskila á grænu bókhaldi, Hraðfrystihúsið Gunnvör.
- Drög að starfsleyfistillögu fyrir Vegagerðina, ósk um umsögn. Lóð G Mávagarði.
- Eftirlitsverkefni 2015 um þrif í leik- og grunnskólum.
- Samráðsfundur um framleiðslu og eftirlit á snyrtivörum.
- Uppfærður listi yfir öryggisbúnað á sund- og baðstöðum einnig hafa starfsleyfisskilyrði verið uppfærð fyrir gistingu.
- Varð á fiskúrgangi í hafið, kynnt svar Umhverfisstofnunar við erindi frá fiskverkanda í Grímsey. Umhverfisstofnun fellst ekki á beiðni um að fá að varpa fiskúrgangi í hafið.
- Grænt bókhald móttakið. Máli lokið varðandi Hraðfrystihúsið Gunnvör.

## 6. Matvælastofnun, bréf til kynningar

- Niðurstöður úr eftirlitsverkefni um salmonellu í svínahakki. Allar greiningar á salmonellu voru neikvæðar.
- Niðurstöður úr eftirlitsverkefni um upprunamerkingu matjurta.
- Umbúðir matvæla, auknar kröfur um innra eftirlit fyrirtækja varðandi umbúðir matvæla og annað sem kemst í snertingu við matvæli. Móttökueftirlit tryggir að umbúðir skili sér hreinar í hús. Gerð er krafa um sér umbúðageymslu og að rekjanleiki umbúða sé tryggður. - Skjalfest yfirlýsing frá framleiðanda (Declaration of compliance)
- Örugget matvæli. Vinnufundur um matvæla öryggi.
- Fundargerð matvælahóps 8. maí 2014.
- Eftirlitsverkefni 2014
  - 1) Salmonella og kamphýlóbakter í kjúklingum.
  - 2) Næringargildismerkingar,
  - 3) Efni og hlutir í snertingu við matvæli.
- Eftirlitsverkefni fyrir 2015
  - 1) Sushi staðir, aðbúnaður og meðferð.
  - 2) Kælikeðjan – flutingar matvæla, kælar í verslunum,
  - 3) Uppruni skelfisk á veitingastöðum og verslunum.

- Tilkynning um innköllun á fæðubótaefnum vegna ólöglegra innihaldsefna. Vörumerki: Solaray, Vöruheiti: NAC.: Vara tekin af markaði. Áætluð dreifing Heilsuhúsið og Lifandi markaður
- Innköllun á fræmjöli, grunur um salmonellu í heilsuvörum Navitas naturals. Dreifing: Verslanir Krónunnar, Heilsutorg Blómavals, Heilsuhúsið og Mamma veit best
- Ábending um skort á merkingum á brauði og kökum sem bökuð eru á staðnum í Nettóverslunum úr innfluttu deigi.
- Sölustöðvun, innköllun á fæðubótaefnum vegna ólöglegra innihaldsefna og/eða óflokkuð efni. Vörumerki Genesis today, framleiðsluland Bandaríkin, Renew life, framleiðsluland Kanada. Alls 9 vöruheiti. Sölustaðir: Heilsuhúsið og í netverslun.
- Matvælastofnun fer fram á það við HES að skoðað sé í reglubundnu eftirliti með veitingarhúsum og verslunum uppruna lifandi samloka. Ekkert svæði var opið vegna eitraðra þörunga frá 1. ágúst. Kanna þarf hvort kræklingur í dreifingu sé með merkimiða og kynna ákvæði um geymslu merkimiða í 60 daga fyrir krækling sem seldur eru í lausu.
- Matvælastofnun: Vanmerkt hrefnukjöt inniheldur sellerí sem skilgreint er sem ofnæmis- og ópolsvaldandi efni.
- Innköllun á ferskum kjúklingi á markaði vegna gruns um salmonellu. Framleiðandi: Matfugl. Vöruheiti: Ali, Bónus, Krónu, ofnfugl, Rotissier og Íslandsfugl.
- Sölustöðvun og innköllun á hamborgurum vegna salmonellusmits Framleiðandi: Kjötsmiðjan ehf

## 7. Úr eftirliti

- **Sveitarfélög**
- **Listi yfir fyrirtæki sem fengið hafa eftirlit.** Sveitafélögum var sendur listi yfir fyrirtæki sem fengið hafa eftirlit samkvæmt áætlun þann 20. júní. Gerð var grein fyrir tilhögun gjaldtöku, bent á að velja þarf nýja heilbrigðisnefnd á fjórungspingi og eins var gerð grein fyrir starfsmannamálum.
- **Skipulagsmál**
- Umsögn um rannsóknir á kalkþörungaseti vegna viðbótar í Hrafnsfirði og Leirufirði.
- Umsögn um deiliskipulag Hafnarsvæðis á Tálknafirði.
- Umsögn um deiliskipulag vegna virkjun í Keldá.
- **Eftirlit**
- **Camphylobakter sýkingar hjá veiðihópum SVR í Gufudal.** Frá embætti sóttvarnarlæknis barst tilkynning um staðfesta camphylobactersýkingu hjá tveimur hópum sem gistu í veiðihúsi á vegum Stangveiðifélags Reykjavíkur í Gufudal. Hvorki vatnsból né veiðihús eru undir eftirliti Heilbrigðiseftirlits.

Farið var á staðinn og sýni tekin sem staðfesta camphylobakter mengun í vatni í veiðihúsinu. Farið aftur á staðinn og límdar upp tilkynningar um að vatnið sé ekki drykkjarhæft, vatnsból skoðað og tekin fleiri sýni. Eigandi hefur ákveðið að setja upp geislunartæki og tekin eru sýni til að fullvissa sig að vatnið sé komið í lag.

- **Hótel Reykjanes** við eftirlit 2012, 2013 og 2014 hefur komið í ljós að **neysluvatn í Reykjanesi stenst ekki kröfur vegna saurgerla (E.Coli)** og kóligerla skv reglugerð 536/01. Geislunartæki er á staðnum en skortur er á viðhaldi. Við endurtekna sýnatöku 2014 var prófað fyrir camphylobakter en var neikvætt. **Heilbrigðisnefnd áminnir Ferðaþjónustuna í Reykjanesi og veitir lokafrestur til úrbóta.**
- **Sundlaug í Reykjanesi** hefur ekki starfsleyfi og sýnatökur standast ekki reglugerð 814/2010 um baðvatn, vegna Saurgerla og Psaudomonasgerla.
- **Árneshreppur. Neysluvatnssýni úr Árneshreppi hafa undanfarin ár komið illa út.** Keypt hafa verið og sett upp nokkur geislatæki en þau hafa ekki skilað tilætluðum árangri, þerur hafa verið ónýtar eða ekki kveikt á tækjum. Eini staðurinn sem hefur haft neysluvatn í þokkalegu lagi er Hótel Djúpvavík. Þeir staðir sem ekki voru með nothæft neysluvatn eru **Finnbogastaðaskóli, Ferðaþjónustan Urðartindur, Ferðafélag Íslands Valgeirsstaðir Norðurfirði, KSH gisting og verslun Norðurfirði, Kaffi Norðurfjörður og Bergistangi Samþykkt að áminna staðina og veita frest til úrbóta til 1. júní 2015.**
- **Merkingar brauðvara.** Ítrekaðar athugasemdir hafa verið gerðar við brauðmeti sem eru til sölu í stórmörkuðum frá **Gamla Bakaríinu og Bakaranum.** Brauðvörur sem seldar eru í bakaríunum sjálfum eru undanþegnar merkingum þar sem starfsfólk á að geta svarað fyrir innihaldslýsingu á staðnum. Mikilvægt er að innihaldslýsingar séu réttar og það komi örugglega fram öll þau efni sem notuð eru við framleiðsluna. Alltaf þarf að merkja ofnæmis- og óþolsvalda því um lífsspurmál er að ræða. Geymsluþol matvæla þarf að merka á vörur sem seldar eru utan bakarísins. Gerð er krafa á að allar brauðvörur sem seldar eru utan bakaría sú merktar með innihaldslýsingu, þar með talið ofnæmi og óþolsvalda og að þær séu merktar með Best fyrir dagsetningu. **Frestur til úrbóta 3. september.**
- **Djúpsteikingarfeiti** kvörtun barst frá skútueiganda á Ísafirði sem taldi að mengun vegna djúpsteikingarfeiti væri í pollinum á Ísafirði. Veitingahús á svæðinu voru heimsótt og kom í ljós að tveir staðir losuðu djúpsteikingarfeiti í niðurföll. Rætt var við eigendur og þeim gerð grein fyrir að þetta athæfi væri bannað skv 5. gr reglugerðar nr. 789/1999 um fráveitur og skólp og skv. 12 gr. samþykktar nr. 898/2010 um fráveitu í Ísafjarðarbæ. Skoða verður í framhaldi á þessu máli kröfur um fitugildru á frárennsli á öllum stöðum þar sem matreiðsla fer fram.
- Á síðasta heilbrigðisnefndarfundi var samþykkt að leggja á dagsektir á 9 bensínstöðvar þar sem úrbótaáætlanir höfðu ekki borist. Bréf voru send út

en ekki fylgt eftir vegna fjarveru framkvæmdastjóra. Staða mála er eftirfarandi.

- Olís Innri Múli, bréf 5. júní. Ekki verður farið í úrbætur og veittur frestur til loka ágúst 2014 til að selja birgðir. Búið er að gera ráðstafanir til að fjarlægja dælu ásamt neðanjarðar og ofanjarðargeymum.
- N-1 Króksfjarðarnes. Búið að loka og fjarlægja dælu og tanka.
- N-1 Reykjanesi. Búið að taka ákvörðun um lokun í október 2014.
- N-1 Patreksfirði. Óskað eftir lengri fresti fyrir steypu afgreiðsluplani til september 2015
- N-1 Tálknafirði. Óskað er eftir lengri fresti fyrir steypu afgreiðsluplani til september 2015.
- N-1 Reykhólar. Óskað eftir undanþágu vegna aldurs tankanna, tankarnir lekaprófaðir
- N-1 Flateyri. Óskað eftir undanþágu vegna aldurs tankanna, tankarnir lekaprófaðir
- Ekki hafa borist úrbóta áætlanir fyrir N-1 Norðurfirði og N-1 Suðureyri.

## 8. Starfsleyfi fyrirtækja

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. lögum um hollustuhætti nr 7/1998 og lögum um matvæli nr 93/1995. reglugerð nr. 106/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt, auk áorðinna breytinga og reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Leyfin eru veitt með fyrirvara um að lokaúttekt heilbrigðiseftirlits hafi farið fram.

Kennitala	Heiti	Póststöð	Heiti atvinnugreinar
5205140310	Edesia ehf - Heimsendi	Patreksfjörður	Krár, kaffihús með matsölu
6112120890	Arnarstekkur ehf	Reykhólar	Hótel með veitingasölu, miðlungs (50-100 gestir)

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. lögum um hollustuhætti nr 7/1998 og reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

Kennitala	Heiti	Póststöð	Heiti atvinnugreinar
0807862479	Heilsustofan Frigg	Bolungarvík	Snyrtistofur
1707664829	Sólheimar gisting	Ísafjörður	Hótel og gistiheimili án veitingasölu, lítið (heimagisting < 16 rúm og heimiliseldhús)
450514039	Comfy Guesthouse Westfjords	Suðureyri	Hótel og gistiheimili án veitingasölu, miðlungs (17-50 gestir)
5209770159	Hamraborg - gisiting	Ísafjörður	Hótel og gistiheimili án veitingasölu, lítið (heimagisting < 16 rúm og heimiliseldhús)
5405962639	Ísafjarðarbær - garðaúðun	Ísafjörður	Smásala efna í flokkum X, A og B

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. reglugerð nr. 785/1999 um atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. verklagsreglur við auglýsingu nr. 582/2000 frá umhverfisráðuneytinu. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

Kennitala	Heiti	Póststöð	Heiti atvinnugreinar
550210037	ISAVIA ohf – Bíldudalur	Bíldudalur	Flugvellir með eldsneytisafgreiðslu
550210037	ISAVIA ohf – Gjögur	Norðurfjörður	Flugvellir án eldsneytisafgreiðslu
550210037	ISAVIA ohf – Þingeyri	Þingeyri	Flugvellir án eldsneytisafgreiðslu

Eftirtöldum veitt tímabundið starfsleyfi skv. reglugerð nr. 785/1999 um atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. verklagsreglur við auglýsingu nr. 582/2000 frá umhverfisráðuneytinu. Gildistími starfsleyfa er 1. mánuður.

Umsækjandi	kennitala	staðsetning	Tílfni	Tími
Skjaldborg Heimildamyndahátíð	650509-0800	Félagsheimili og skjaldborgarbió	Skjaldborgarhátíð	7 - 9 júní 2014
Sveitasæla ehf	540308-0120	Torfnæs	Mýraboltahátíð	2-4 ágúst 2014
Sirkus Íslands	431186-1369	Eyrinni, Ísafirði	Sirkus Íslands	16-23 júlí 2014

## 9. Tækifærisleyfi

### heilbrigðiseftirlit hefur veitt umsagnir vegna eftirfarandi tækifærisleyfa

Félag Álftfirðinga				
Seyðfirðingum vestra	451191-2179	Samkomuhúsið Súðavík	Dansleikur	21. júní 2014
Sveitasæla ehf	540308-0120	Íþróttahúsið Torfnæs	Mýraboltinn	2. ágúst 2014
Bjarnheiður Júlía Fossdal	210756-4779	Félagsheimilið Árnes	Dansleikur	2. ágúst 2014
Dakis ehf	680212-0740	Húsið	Verslunarmannahelgi	31/7 - 4/8
Sveitasæla ehf	540308-0120	Edinborgarhúsið	Mýraboltinn	1-3.8.2014
Sirkus Íslands	431186-1369	Eyrinni, Ísafirði	Sirkus Íslands	16-3júlí2014
		Víkingasvæði Reiðhöllin		
Kvenfélagið Von	600783-0339	Söndum,Þingeyri	Dýrafjarðardagar	5. júlí 2014
Kvenfélagið Von	600783-0339	Félagsheimilið Þingeyri	Dýrafjarðardagar	5. júlí 2014
Guðmundur Halldórsson	080377-3049	Samkomuhúsið Ögri	Ögurball	19. júlí 2014
Strandabyggð	570806-0410	Félagsheimilið Hólmavík	Hamingjudagar	28. júní 2014
Bíldalía Ævintýraland	710314-2170	Baldurshagi Bíldudal	Ævintýrahátíð	28. júní 2014

## 10. Brennuleyfi

Súðavíkurreppur	630269-4589	í fjörunni neðan Grunnskólans	Bláberjadagar 2014	23. ágúst 2014
Mýraboltafélag Íslands	490106-2190	Suðurtangi	Mýraboltinn 2014	3. ágúst 2014
Félag Skógarbúa	431094-2239	Efriskógur Tungudal	Skógarhátíð	2. ágúst 2014
Tálknafjarðarhreppur	430708-1980	Naustatangi Tálknafirði	Tálknafjör	26. júlí 2014
Reykhólahreppur	440787-2589	Íþróttahúsið Reykhólum	Reykhóladagar	26. júlí 2014
Strandabyggð	570806-0410	Fjaran á Kópnesi	Hamingjudagar	27. júní 2014

## 11. Tóbak – söluleyfi og undanþágur

- **Tóbaksöluleyfi**

Steinunn Hjartardóttir Hótel Flókalundur Kt: 651099-2699 Leyfið veitt frá 15.maí 2014 – 15. maí 2018.

Árni Sigurpálsson, Arnarstekkur ehf. . Kt: 611212-0890 Leyfið veitt frá 26. júní 2014 til 26. júní 2018

Anna K. Ásmundsdóttir, Tálknakjör Kt: 52810-0720. Leyfið veitt frá 25. ágúst 2014 - 25. ágúst 2018.

- **Eftirfarandi er veitt undanþága til sölu á tóbaki.**

Sandra Líf Pálsdóttir, kt:090497-2279 , Tjarnarbraut ehf., 20.maí 2014 gildir í 6 mánuði

Lilja Júlíusdóttir, kt: 240996-2439, N1 Ísafirði 19. maí 2014 gildir í 6 mánuði

Alexia Yr Ísaksdóttir, kt:160397-2339, N1 ísafirði 19. maí 2014 gildir í 6 mánuði.

Jóhanna Jörgensen Steinsdóttir, kt: 090797-2989, Hamóna Þingeyri 14. maí 2014 gildir í 6 mánuði.

Ragnhildi Önnu Ólafsdóttur, kt: 140997-3159, Hamóna Þingeyri 14. maí 2014 gildir í 6 mánuði.

Annu Anika Jónína Guðmundsdóttir kt 190598-2849 starfsmanni

Bakkabúðarinnar á Flateyri 28. júlí 2014 gildir í 6 mánuði

Ásdís Jónsdóttir, kt: 311296-3109 starfsmanni Kaupfélags Steingrímsfjarðar 30. júní 2014 gildir í 6 mánuði

Jóna Guðbjörg Ágústsdóttir, kt: 251296-2519 starfsmanni Kaupfélags Steingrímsfjarðar 30. júní 2014 gildir í 6 mánuði

Guðmundur Ari Magnússon, kt: 180897-2599 starfsmanni Kaupfélags Steingrímsfjarðar 30. júní 2014 gildir í 6 mánuði

Margrét Vera Mánadóttir, kt: 281097-2459 starfsmanni Kaupfélags Steingrímsfjarðar 30. júní 2014 gildir í 6 mánuði

Branddís Ösp Rangarsdóttir, kt: 070398-2659 starfsmanni Kaupfélags Steingrímsfjarðar 30. júní 2014 gildir í 6 mánuði

Elísa Mjöll Sigurðardóttir, kt: 170398-2389 starfsmanni Kaupfélags Steingrímsfjarðar 30. júní 2014 gildir í 6 mánuði

Eyrún Björt Halldórsdóttir, kt: 160698-2339 starfsmanni Kaupfélags Steingrímsfjarðar 30. júní 2014 gildir í 6 mánuði

Kristín Lilja Sverrisdóttir, kt: 100398-3389 starfsmanni Kaupfélags Steingrímsfjarðar 30. júní 2014 gildir í 6 mánuði

Laufey Heiða Reynisdóttir, kt: 040398-2959 starfsmanni Kaupfélags Steingrímsfjarðar 30. júní 2014 gildir í 6 mánuði

## 12. Önnur mál

- Samráðsfundur um eftirlit með snyrtivörum 15. maí. Anton sótti fundinn
- Þjónustusamningur um símavist hjá Símanum næstu 3 ár.



- Anton vakti máls á að kominn sé tími á að endurskoða stofnanasamning heilbrigðisnefndar og FÍN sem undirritaður var 16.10 2007. Lagt er til að nýgerður endurskoðaður stofnanasamningur heilbrigðiseftirlits Austurlands Haust (2013) verði notaður sem fyrirmynd. Formanni falið að ganga frá endurnýjun á stofnanasamningi.
- Leitað hefur verið eftir heilbrigðisfulltrúa í tímabundið starf. Erla Dóra Vogel heilbrigðisfulltrúi getur hugsanlega komið tímabundið til starfa eftir áramót.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 14:47

**Fundadagsetningar 2014, tillaga:**

- 1. fundur 14. febrúar Ársreikningur
- 2. fundur 9. maí Matvælaeftirlit – Innra eftirlit
- 3. fundur 29. ágúst Fundur í Bolungarvík um sumarverkefni
- 4 fundur 24. október Fjárhagsáætlun.
- 5. fundur 12. desember Viðbrögð við fjárhagsáætlun

Reglugerð um neysluvatn nr 536/2001

13. Gr Viðbrögð við menguðu neysluvatni.

Ef niðurstöður greininga vegna sýnatöku eftirlitsaðila, vegna heildarúttektar eða vegna reglubundins eftirlits, sbr. viðauka I, fara yfir hámarksgildi skal heilbrigðisnefnd þegar rannsaka þau tilvik í því skyni að greina orsök þeirra og meta hvort líkur eru á að heilsu manna stafi hætta af.

Ef niðurstöður greininga vegna sýnatöku dreifingaraðila fara yfir hámarksgildi skal hann tilkynna það til heilbrigðisnefndar án tafar. Rannsóknarþættir í viðauka I eru flokkaðir í flokka A, B og C eftir því til hvaða aðgerða ber að grípa ef gildi mælist hærra en hámarksgildi viðkomandi þátta. Mælist gildi yfir hámarksgildi fyrir framangreinda flokka skal gripið til eftirfarandi aðgerða:

**Flokkur A:**

Gripið skal til nauðsynlegra aðgerða til úrbóta til að endurheimta vatnsgæðin. Heilbrigðisnefnd skal í samráði við Hollustuvernd ríkisins banna dreifingu eða notkun neysluvatnsins, nema eftir nauðsynlegar aðgerðir til verndar heilsu manna. Heilbrigðisnefnd skal tafarlaust veita neytendum upplýsingar og ráðgjöf.

**Flokkur C:**

Heilbrigðisnefnd skal í samráði við Hollustuvernd ríkisins meta hvort heilsu manna er hætta búin. Heilbrigðisnefnd ber að grípa til aðgerða til að endurheimta vatnsgæðin. Neytendum skal tilkynnt um aðgerðir nema um óverulegt frávik sé að ræða. Heilbrigðisnefnd skal tilkynna viðkomandi héraðslækni eða sóttvarnalækni jafnskjótt og hún hefur orðið vör við hugsanlega smithættu, sbr. ákvæði 11. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997.

ANNSÓKNARÞÁTTUR	HÁMARKSGILDI	FLOKKUN	ATHUGASEMDIR
Heildargerðslögmengi við 22°C	100/ml	C	
Kólígerlar	0/100 ml	C	
Escherichia coli (E. Coli)	0/100 ml	A	
Saurkokkar	0/100 ml	A	
Clostridium perfringens (þ.m.t. gró)	0/100 ml	C	Aðeins fyrir yfirborðsvatns eða ef hætta er á mengun vatnsból frá yfirborðsvatni. Ef gildi mælast yfir hámarksgildi skal mæla sjúkdómsvaldandi örverur, s.s. Cryptosporidium

**SAMÞYKKT**  
um umgengni og þrífnað utan húss á  
starfssvæði Heilbrigðisnefndar Vestfjarða.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir um umgengni og þrífnað utann húss í Ísfjarðarbæ, Bolungarvík, Súðavíkurbreppi, Strandabyggð, Kaldrananeshreppi, Árneshreppi, Reykhólahreppi, Tálknafjarðarhreppi og Vesturbyggðar.

Heilbrigðisnefnd Vestfjarðar hefur eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar.

2. gr.

Eiganda eða umráðamanni húss, girðinga og annarra mannvirkja er skylt að halda eignum vel við og halda lóðum og lendum hreinum og snyrtilegum.

3. gr.

Óheimilt er að skilja eftir á víðavangi, flytja, dreifa eða geyma lausamuni á þann hátt að valdið geti slysum, mengun eða lýti í umhverfinu. Þetta gildir jafnt um smærri sem stærri hluti, svo sem bíflök, bílhuta, kerrur, vélar, tæki, landbúnaðarplast, byggingaefni, báta, skipsskrokka og annað sambærilegt.

4. gr.

Tæki og hluti sem ekki eru í almennri eða stöðugri notkun skal geyma þannig að nágrannar og vegfarendur hafi ekki ama af. Bifreiðar og önnur skráningarskyld ökutæki skulu geymd á þar til gerðum stæðum.

5. gr.

Óheimilt er að geyma skráningarskyld ökutæki án skráningarmerkja, kerrur, tæki, vinnuvélar, báta eða aðra hluti á almennum bifreiðastæðum, á götum eða á almannafæri.

6. gr.

Þeir sem annast flutninga skulu haga þeim þannig að ekki valdi óþrífnaði og haga skal þvotti og hreinsun á mannvirkjum og tækjum þannig að nágrannar og vegfarendur verði ekki fyrir óþægindum.

7. gr.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að fjarlægja skráningarskyld ökutæki án skráningarmerkja, tæki, kerrur, vinnuvélar, báta og aðra lausamuni og drasl á kostnað og ábyrgð eiganda að undangenginni viðvörun, t.d. með álímingarmiða eða ábyrgðarbréfi, þar sem eiganda/ábyrgðarmanni skal almennt veittur 10 daga frestur til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri eða bregðast við tilmælum. Telji heilbrigðisfulltrúi svo alvarlega hættu stafa af geymslu hlutar eða tækis að aðgerð þoli enga bið er heimilt að fjarlægja slíka hluti eða tæki án viðvörunar. Bíflökum og öðrum verðlausum hlutum er heimilt að farga strax að loknum fresti sem veittur er samkvæmt 1. mgr., enda hafi þá engin andmæli borist. Skráningarskyld ökutæki án skráningarmerkja og aðrir hlutir og verðmæti sem eru fjarlægð að loknum fresti skulu geymd í vörslu viðkomandi sveitarfélags í 45 daga og síðan fargað hafi eigandi ekki vitjað eigna sinna og leyst út gegn greiðslu áfallins kostnaðar (svo sem dráttar- og geymslugjöld). Liggi fyrir skráningarmerki, vélnúmer eða annað sambærilegt skal eiganda tilkynnt um förgunina með tryggilegum hætti með a.m.k. 15 daga fyrirvara. Þá skal viðkomandi sýslumanni og eftir atvikum bifreiðaskrá og veðhöfum og tryggingarfélagi (sé um þá kunnugt) gert viðvart um förgunina með 15 daga fyrirvara. Áfallinn kostnað vegna töku og geymslu skráningarskyldra ökutækja án skráningarmerkja og annarra hluta er heimilt að innheimta hjá eigendum samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Heimilt er að selja nýtilega hluti úr bifreiðum og annað nýtilegt sem er tekið í vörslu og ekki leyst út samkvæmt framansögðu til að mæta kostnaði vegna töku og geymslu.

8. gr.

Hafi rekstraraðili ekki sinnt fyrir mælum innan tiltekins frests, sbr. 1. mgr. 27. gr. reglugerðar um mengunareftirlit nr. 786/1999, eða ekki fylgt tímasettri áætlun um úrbætur, sbr. 2. mgr. 27. gr. reglugerðarinnar, getur heilbrigðisnefnd ákveðið honum dagsektir þar til úr er bætt. Dagsektir renna til rekstraraðila heilbrigðiseftirlits og er hámark þeirra 500.000 kr. á dag. Heilbrigðisnefnd er heimilt að láta vinna verk á kostnað hins vinnuskylda ef fyrir mæli um framkvæmd eru vanrækt og skal kostnaður þá greiddur til bráðabrigða af Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða en innheimtast síðar hjá hlutaðeigandi. Kostnað og dagsektir má innheimta með fjárnámi. Þegar verk það sem eftirlitsaðili lætur vinna er komið til vegna vanhirðu og óþrifa eða heilsuspillandi aðstæðna í húsi, á lóð eða í farartæki er kostnaður tryggður með lögveðsrétti í viðkomandi húsi, lóð eða farartæki tvö ár eftir að greiðsla er krafist.

9. gr.

Heimilt er að innheimta gjald fyrir útlögðum kostnaði af eftirlitsskyldri starfsemi fyrir eftirlit samkvæmt þessari samþykkt í samræmi við 3. mgr. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Heilbrigðisnefnd skal láta birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld samkvæmt 1. mgr. má innheimta með fjárnámi. Gjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga þegar leyfi eða þjónusta er tengd notkun fasteignar.

10. gr.

Um brot gegn samþykkt þessari og um valdsvið, þvingunarúrræði, málsmeðferð, úrskurði og viðurlög skal farið samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, sbr. og ákvæði 66., 67. og 68. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

11. gr.

Framangreind samþykkt sveitarstjórna á starfssvæði heilbrigðisnefndar Vestfjarða; Ísfjarðarbæjar, Bolungarvíkur, Súðavíkurhrepps, Strandabyggðar, Kaldrananeshrepps, Árneshrepps, Reykhólahrepps, Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar, staðfestist hér með til að gilda á starfssvæðinu samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- auðlindaráðuneytinu, XX. ágúst 2014*  
F.h.r.